

HAGNAÐUR AF STARFSEMI VIRK

ÚTREIKNINGUR MIÐAÐ VIÐ

ÁRIÐ 2025



UNNIÐ FYRIR
VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐ,
TALNAKÖNNUN HF.
MARS 2026

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Myndir.....	2
Inngangur.....	3
Verkefnið.....	4
Gögn.....	4
Árangur af starfinu.....	7
Frávikagreining.....	11
Hvernig er reiknað?.....	12
Reiknaður sparnaður og niðurstöður bókhalds.....	14
Niðurstaða.....	17

Myndir

Mynd 1:Dreifing fjölda daga í þjónustu.....	4
Mynd 2: Metnir launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri.....	5
Mynd 3: Metin meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum.....	6
Mynd 4: Reiknaður ábati miðað við stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK.....	7
Mynd 5: Hvað sparast mikið við starf VIRK miðað við stöðu við útskrift?.....	8
Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi útskrifaður (h. ás).....	9
Mynd 7:Reiknaður sparnaður 2014 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi í vinnu (h. ás).....	9
Mynd 8: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2025 (fast verðlag 2025).....	10
Mynd 9: Reiknaður sparnaður 2013 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi útskrifaður (h. ás). Óvinnufærni í 36 mánuði.....	11
Mynd 10: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2025 á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2025 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði.....	12
Mynd 11: Framfærsla við grunnmat (framfærsla 1) og við útskrift (framfærsla 1). Hlutfallsleg skipting.....	13
Mynd 12: Kostnaður og reiknaður ábati af starfi VIRK 2025.....	14
Mynd 13: Skipting ábata af starfi VIRK 2025.....	16

Inngangur

Í þessari skýrslu er áætlaður sparnaður af endurhæfingu hjá atvinnurekendum, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins samanborið við að einstaklingar þiggi bætur. Verkið er unnið að ósk Vigdísar Jónsdóttur, forstjóra VIRK- Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK).

Verkið var unnið sem hér segir: Fyrir lá ópersónugreinanleg skrá um alla einstaklinga sem útskrifuðust frá VIRK árið 2025. Um er að ræða þá einstaklinga sem útskrifast og hafa lokið sinni endurhæfingu við útskrift. Ekki eru taldir með einstaklingar sem ljúka ekki endurhæfingu hjá VIRK en fara frá VIRK aftur í heilbrigðisþjónustu eða önnur endurhæfingarkerfi.

Í skránni eru ítarlegar upplýsingar, meðal annars um kyn, aldur, hjúskaparstöðu, lífeyrissjóð, sem og stöðu þegar starf VIRK byrjar og þegar einstaklingurinn útskrifast. Er þar átt við hvort menn eru í veikindafríi, í vinnu, á sjúkra/slysadagpeningum, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri og svo framvegis. Ekki lágu fyrir upplýsingar um laun hvers um sig. Notaðar voru upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um launakúrvur eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu til nálgunar á launum einstaklinganna. Alls voru upplýsingar um þá 1.537 einstaklinga sem luku þjónustu (1.411 einstaklingar árið 2024). Endanleg gögn bárust 16. mars en ársreikningur kom 18. mars.

Í skýrslu nefndar sem fór yfir þjónustu VIRK (október 2022) kemur fram að laun þeirra sem leita til VIRK eru að jafnaði mun lægri en meðallaun á vinnumarkaði, en nefndin hafði aðgang að upplýsingum um laun, sem ekki eru aðgengilegar starfsmönnum VIRK eða Talnakönnunar. Með hliðsjón af þessu voru viðmiðunarlaun lækkuð eins og gert hefur verið undanfarin tvö ár.

Þess má geta að í framangreindri skýrslu um árangur VIRK er niðurstaðan að: „Þegar litið er á alla sjóðfélaga hefur örorkubyrði lífeyrissjóðanna minnkað nokkuð“, en þegar borin var saman örorkubyrðin 2015-2019 við árin 2000-2004 (áður en VIRK hóf starfsemi) lækkaði byrðin um 13,7% milli tímabila, einkum hjá körlum. Jafnframt var það niðurstaða skýrslunnar að batinn af starfsemi VIRK hafi frá 2013-19 verið um þrefaldur rekstrarkostnaðurinn.

Í september 2025 var tekið upp nýtt kerfi örorkulífeyris hjá Tryggingastofnun. Í þessu kerfi var frítekjumark hækkað, sem hefur áhrif á greiðslur því frádráttur vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum vegur ekki eins þungt og áður. Tekjur allmargra tekjulágra verða hærri eftir áfallið en fyrir.

Reiknuð voru laun samkvæmt meðaltali einstaklinga og lengd þjónustu, lækkuð með hliðsjón af framgreindri skýrslu. Þannig er hægt að setja fram ýmsar niðurstöður um tap samfélagsins af veikindunum og hagnað af endurhæfingu. Útreikningar af þessu tagi geta aldrei verið annað en vísbending. Niðurstöður mótast af þeim forsendum sem menn gefa sér og í mörgum tilvikum er erfitt að sannreyna, því ekki er hægt að segja hvernig fólki hefði reitt af ef það hefði ekki verið í endurhæfingu. Talnakönnun hefur ekki lagt sjálfstætt mat á forsendur sem lagðar eru til grundvallar, en miðað við þær benda útreikningarnir til þess að starfið sé arðbært. Benedikt Jóhannesson vann útreikninga.

Reykjavík 19. mars 2026,




Verkefnið

- ▶ Markmiðið er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- ▶ Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað. Árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu og stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár í ársreikningum.

Gögn

- ▶ Ópersónugreinanleg gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem luku endurhæfingu sinni hjá VIRK árið 2025, alls 1.537 einstaklinga, 1.064 konur og 473 karla.
- ▶ Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, hjúskaparstöðu, menntun og fleira. Öll gögn eru ópersónugreinanleg.

Mynd 1: Dreifing fjölda daga í þjónustu




Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að þegar horft er á daga dreifist fjöldi daga í þjónustu nokkuð reglulega, langflestir eru á milli 207 og 564 daga (7 til 19 mánuði) í þjónustu hjá VIRK.

Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru áætluð út frá meðallaunum samkvæmt RSK eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu árið 2024 reiknað til verðlags ársins 2025 með launavísitölu. Athugun nefndar sem hafði betri aðgang að raunverulegum launum þeirra sem hafa notið þjónustu VIRK sýndi að þau eru mun lægri en almennt gerist á vinnumarkaði. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum voru launatölur í útreikningunum hér lækkaðar. Skýringin er líklega sú að sumir þeirra sem komu til VIRK hafa ekki haft fulla starfsgetu í nokkurn tíma.

Mynd 2: Metnir launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri




Útreikningar Talnakönnunar. Byggt er á nálgunum um laun.

- ▶ Mynd 2 sýnir svipaða ferla og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og standa í stað fram yfir sextugt en lækka eftir það. Karlur eru almennt með hærri heildartekjur en konur. Þeir eru aftur á móti færri og sveiflur því meiri frá meðalkúrvu.
- ▶ Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki miðað við raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri, kyni og hjúskaparstöðu eftir gögnum Ríkisskattstjóra.

Gerðar voru ýmsar prófanir á gögnunum og ekkert benti til þess að í þeim væru neinar meiriháttar villur.

Reiknuð meðallaun þeirra 1.465 sem voru í þjónustu 1-24 mánuði voru 313 þúsund krónur á mánuði og 291 þúsund krónur á mánuði hjá þeim 72 sem voru 25 mánuði eða lengur í þjónustu.

Mynd 3: Metin meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum



Útreikningar Talnakönnunar.


Mynd 3 gefur til kynna að reiknuð laun þeirra sem eru stutt í þjónustu séu nokkru hærri að jafnaði en reiknuð laun þeirra sem krefjast lengri þjónustu. Skýringarnar gætu verið að há laun hvetji menn til þess að snúa hratt aftur til starfa, en heilsufarsvandi þeirra sem stutt eru í þjónustu er að jafnaði minni en hinna. Rétt er að vekja athygli á því að miklu fleiri eru 1-24 mánuði í þjónustu en hinir sem eru lengur. Jafnframt skal minnt á að hér er miðað við metin laun en ekki raunveruleg.

Árangur af starfinu

Mikill munur var á því hvernig árangurinn var eftir því hvernig staða fólks var þegar það hóf þátttöku hjá VIRK. Eins og gefur að skilja vegnaði mönnum almennt betur eftir því sem þeir komu fyrir í endurhæfingu eftir að sjúkdómur hófst eða slys varð. Hér að neðan eru sýndar nokkrar myndir þar um, en ekki er um að ræða tæmandi úttekt.

Á myndunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af miðað við grunnmat, það er mat þegar þeir koma inn í ferlið. Mynd 4 og Mynd 5 reikna ábata miðað við að án þjónustu VIRK hefði bataferlið tekið 60 mánuði.


Mynd 4: Reiknaður ábati miðað við stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 4 bendir til að mestur reiknaður árangur náist hjá þeim sem voru á vinnumarkaði þegar þeir hófu þjónustu, en einnig þeim sem ekki voru með tekjur, voru í sjúkrasjóði eða á endurhæfingarlífeyri. Einnig eru margir sem komust í vinnufært ástand, en höfðu verið tekjulausir við upphaf þjónustu.

Mynd 5: Hvað sparast mikið við starf VIRK miðað við stöðu við útskrift?




Fjárhæðir í krónum. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 5 sýnir hvernig reiknaður bati var við útskrift. Hann er mestur hjá þeim sem komast í launaða vinnu, en hún er væntanlega markmið flestra sem til þjónustu koma. Mynd 4 og Mynd 5 gefa til kynna að eftir miklu getur verið að slægjast ef endurhæfing tekst vel til. Þarna er fjárhagslegur hagnaður reiknaður í milljörðum króna, en auk þess er auðvitað hagar einstaklingsins af því að hafa öðlast starfshæfni á ný. Loks má reikna með því að ýmis samfélagslegur kostnaður verði mun minni en ella, til dæmis kostnaður heilbrigðiskerfisins, en hann er ekki metinn hér.

Næst er borinn saman fjöldi þeirra sem útskrifuðust árið 2025 við þá sem útskrifuðust árin 2013 til 2024. Á mynd 6 má sjá að fjöldi útskrifaðra jókst frá 2024 til 2025 en reiknaður sparnaður er heldur minni en hann var í fyrra miðað við að batinn myndi ella taka 60 mánuði án VIRK.

Á mynd 9 sést aftur á móti að sparnaðurinn var meiri árið 2025 en árið áður ef miðað er við að bataferlið hefði tekið 36 mánuði án íhlutunar VIRK. Þessi munur undirstrikar að sveiflur frá ári til árs geta valdið miklu þegar notaðar eru nálgunaraðferðir eins og hér. Í raun má segja að niðurstaða árin 2021 til 2025 sé mjög hliðstæð tölfræðilega. Á myndum 6 og 7 er sveiflan þessi ár frá 20,6 til 22,6 milljarðar sem líta má á sem 21,6 +/- 5%.


Mynd 6: Reiknaður sparnaður 2013 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi útskrifarar (h. ás)



Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Miklu skiptir hve margir þeirra sem fara í gegnum þjónustu komast í vinnu, nám eða geta að minnsta kosti sótt um atvinnuleysisbætur. Á Mynd 7 sést þessi fjöldi árin 2014-25.

Mynd 7: Reiknaður sparnaður 2014 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi í vinnu (h. ás)




Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar. Með fjölda í vinnu eru taldir þeir sem eru í námi og á atvinnuleysisbótum.

Mynd 7 sýnir að þrátt fyrir að færri hafi lokið þjónustu er áætlaður ábati vegna starfseminnar svipaður. Færri luku þjónustu hjá VIRK árið 2025 og þeir sem komust í vinnu, nám eða atvinnuleysisbætur voru líka færri en árið áður eða 996 á móti 1.069 árið 2024.

Jafnframt er reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling miðað við fast verðlag 2025.

Mynd 8: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2025 (fast verðlag 2025)



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að reiknaður sparnaður á hvern útskrifaðan einstakling á föstu verðlagi er minni en áður. Reiknaður meðalsparnaður á einstakling vegna starfseminnar hefur verið frá 10,6 milljónum og upp í 15,5 milljónir, allt á verðlagi ársins 2025. Meðalsparnaður er svipaður árið 2025 og árin 2022 og 2023 en nokkru minni en árið 2024.


Frávikagreining

Hér að framan er reiknaður sparnaður metinn með sama hætti og í fyrri skýrslum, það er miðað er við að þeir sem náðu bata hefðu án þjónustu verið óvinnufærir í 60 mánuði (fimm ár). Með þessum forsendum er niðurstaðan um 20,7 milljarðar króna. Eins og vikið hefur verið að í fyrri skýrslum er útilokað að gefa eina „réttu“ tölu um hvernig meta á árangurinn og því eðlilegt að skoða líka útkomu ef miðað er við aðrar forsendur.

Hvernig hefði niðurstaðan verið ef t.d. væri miðað við 36 mánuði, svo dæmi sé tekið? Á Mynd 9 og Mynd 10 hér á eftir ef miðað við að án þjónustu hefðu viðskiptavinir VIRK verið óvinnufærir í þrjú ár.

Myndirnar sýna sams konar ferla og sömu meginniðurstöðu og fyrri myndir, þ.e. að reiknaði sparnaðurinn er mjög mikill eða um 14,5 milljarðar króna á móti kostnaði upp á um 5,0 milljarða króna.


Mynd 9: Reiknaður sparnaður 2013 til 2025 í milljörðum króna (v. ás), fast verðlag 2025 og fjöldi útskrifaðra (h. ás). Óvinnufærni í 36 mánuði



Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Á Mynd 10 má svo sjá meðalsparnað á einstakling miðað við að þjónusta hefði tekið 36 mánuði ef ekki hefði komið til starfsemi VIRK. Reiknaði ábatinn er á bilinu 6,9 til 10,2 milljónir króna á hvern einstakling.

Mynd 10: Reiknaður meðalsparnaður 2013 til 2025 á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013- 2025 (fast verðlag). Óvinnufærni í 36 mánuði



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.


Þessar vangaveltur sýna að jafnvel miðað við íhaldssamari forsendur benda niðurstöður til þjóðhagslegrar arðsemi af starfseminni.

Hvernig er reiknað?

Aðferðin er með sama hætti og gert var í fyrra vegna ársins 2024. Eins og áður hefur verið vikið að skipta forsendur miklu máli. Reiknað hefur verið miðað við að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir. Reiknað er til samanburðar tilvik sem miðar við óvinnufærni í 36 mánuði, en í forsendum af þessu tagi er aldrei hægt að gefa sér eina „réttu“ tölu. Mestu skiptir þó að ábatinn af starfseminni, sem vissulega er erfitt að reikna af nákvæmni, sé meiri en kostnaðurinn við reksturinn. Jafnframt er vakin athygli á því að í námunda við meðaltalið 60 mánuði er um 1,3% frávik í plús eða mínus eða nálægt +/-259 milljónir króna.

Á Mynd 11 má sjá hvernig staða þeirra sem nutu þjónustunnar var við upphaf og lok þjónustu hjá VIRK árið 2025. Á myndinni sést að þeim fjölgar mest sem eru í launaðri vinnu, en einnig er mikil fjölgun þeirra sem fá endurhæfingarlífeyri. Aftur á móti fækkar þeim mest sem fá aðstoð frá sjúkrasjóði eða þiggja fjárhagsaðstoð, en það eru tímabundin úrræði. Einnig fækkar í þeim hópi sem hefur engar tekjur. Nú var hlutfall þeirra sem komst í launaða vinnu, á atvinnuleysisbætur eða námslán eða 70,5% árið 2025 á móti 72,9% árið 2024.

Mynd 11: Framfærsla við grunnmat (framfærsla 1) og við útskrift (framfærsla 1). Hlutfallsleg skipting



Útreikningar Talnakönnunar


- ▶ Hægt er að gefa sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- ▶ Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- ▶ Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þannig eru um 0,8 milljarðar króna í reiknaðan ábata. Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað, en skýrslu nefndar sem fór yfir þjónustu VIRK er þó sagt að þeim sem endurhæfast fari fjölgandi.

- ▶ Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri.
- ▶ Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði. Reiknaður ábati vegna þessa er rúmlega 4,0 milljarðar króna.
- ▶ Með sama hætti er horft á þá einstaklinga sem voru ekki á launum þegar þeir komu inn í þjónustu hjá VIRK en voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift. Reiknaður ábati vegna þessa er rúmlega 5,7 milljarðar króna. Ef til vill er það of hátt hlutfall að miða við helming fyrir þennan hóp, því tekjuleysið kann að stafa af öðru en óvinnufærni.
- ▶ Hjá öðrum er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- ▶ Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum í þessum hópi, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- ▶ Tala mánaða í þjónustu er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum. Reiknað var núll, ef þjónusta tók lengri tíma en 60 mánuði.
- ▶ Formúlan fyrir síðasta hópinn er:
- ▶ $(60 - \text{mánuðir í þjónustu}) \times \text{reiknuð laun}$
- ▶ Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Niðurstaðan gefur 20,7 milljarða króna í ávinning. Í fyrra var sambærileg tala 21,8 milljarðar (fast verðlag 2025, núvirt með launavísitölu).
- ▶ Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,3% frávik í plús eða mínus eða um +/-259 milljónir króna.
- ▶ Þetta þýðir að reiknaður sparnaður ef miðað er við 50 mánuði í stað 60 er 18,1 milljarður, en um 16,0 milljarðar króna ef miðað væri við 42 mánuði, 12,9 milljarðar ef miðað er við 30 mánuði og 10,4 milljarðar ef miðað er við 20 mánuði.

Reiknaður sparnaður og niðurstöður bókhalds

Til fróðleiks má setja inn kostnað VIRK skv. ársreikningi árið 2025 með reiknuðum ábata.

Mynd 12: Kostnaður og reiknaður ábati af starfi VIRK 2025




Tölur á myndinni eru í milljörðum króna. Blái hluti vinstri súlunnar sýnir kostnað árið 2025, en hann var árið 2025 heldur meiri en iðgjöld. Kostnaður var 5,0 ma. kr. en tekjur, iðgjöld að viðbættu framlagi ríkisins, um 4,8 ma. kr. Heimild: Ársreikningur VIRK. Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- ▶ Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 86,9 milljarðar króna. Þar af reiknast 50,3 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Kostnaðurinn er aðeins 20% af þeirri tölu, eða 1/5 hluti.
- ▶ Þessir útreikningar sýna að það er ekki hægt að benda á eina tölu sem hagnað af endurhæfingarstarfinu. Hins vegar benda tölurnar til þess að hann sé mikill.

Til fróðleiks var sett fram hvernig áætlaður ábati skiptist milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, einstaklinganna og ríkisins í formi skatttekna. Þetta sést á Mynd 13:

Mynd 13: Skipting ábata af starfi VIRK 2025



Útreikningar Talnakönnunar.

Á Mynd 13 er rétt að benda á að einstaklingar sem eru með lág laun geta verið betur settir fjárhagslega ef þeir fara á örorkulífeyri Tryggingastofnunar. Þetta er algengara samkvæmt nýju kerfi almannatrygginga, en það tók gildi 1. september 2025. Þeir eru táknaðir með neikvæðu súlunni lengst til hægri. Ef um ungt fólk er að ræða er líklegt að launin muni hækka síðar á ævinni þannig að slíkur „hagnaður“ er þá aðeins tímabundinn. Tölurnar hér á eftir miða við að án þjónustu hefðu allir verið frá í 60 mánuði, en tölurnar í sviga miða við 36 mánaða fjarveru.

Miðað við þetta var reiknaður hagnaður lífeyrissjóða í heild um 10,4 milljarðar króna (7,2), reiknaður hagnaður Tryggingastofnunar um 11,8 milljarðar króna (8,3). Vegna þess að samkvæmt nýju kerfi hækka reiknuð viðmiðunarlaun í heildina fær ríkið til viðbótar reiknaðar skatttekjur upp á 0,5 (0,4) milljarða. Áður tapaði það um 1,8 milljörðum í heildina samkvæmt útreikningi vegna ársins 2024. Núna er það einnig þannig að fleiri einstaklingar eru betur settir fjárhagslega nú en fyrir áfallið. Skýringin er sú að margir þeirra sem verða fyrir örorku eru tekjulitlir áður en starfsorkan minnkar. Nýtt kerfi er því að einhverju leyti fjárhagslega letjandi til þess að ná árangri við endurhæfingu, þótt auðvitað sé hann enn í formi þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Niðurstaða

- ▶ Þessi greining gefur vísbendingu um hverju starf VIRK skilaði á árinu 2025.
- ▶ Ábatinn af starfsemi skilar sér bæði til Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða. Ofan á það bætist félagslegur ábati einstaklingsins.
- ▶ Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur frá ári til árs sem gefa þá vísbendingu um þróun. Þá er auðvitað líka mikilvægt að útreikningar byggji á skynsamlegri nálgun, en í útreikningum af þessu tagi er ómögulegt að gefa eina tölu um sparnað af starfsemi. Jafnvel íhaldssamar forsendur gefa til kynna jákvæða niðurstöðu.
- ▶ Til þess að fá betri hugmynd um hvaða áhrif þjónustan hefur þyrfti að gera viðameiri könnun þar sem fengnar yrðu upplýsingar um tekjur þeirra sem þjónustunnar njóta í nokkur ár áður en hún hefst og eftir að henni lýkur. Slík rannsókn þyrfti að vinnast í samvinnu við skattayfirvöld og með samþykki Persónuverndar.
- ▶ Talnakönnun leggur sem fyrr áherslu á að matið er mikilli óvissu háð, en telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé arðbært.
- ▶ Í skýrslu nefndar sem fór yfir þjónustu VIRK er niðurstaðan að: „Þegar litið er á alla sjóðfélaga hefur örorkubyrði lífeyrissjóðanna minnkað nokkuð“, en þegar borin var saman örorkubyrðin 2015-2019 við árin 2000-2004 (áður en VIRK hóf starfsemi) lækkaði byrðin um 13,7% milli tímabila, einkum hjá körlum. Jafnframt er það niðurstaða skýrslunnar að batinn af starfsemi VIRK hafi frá 2013-19 verið um þrefaldur rekstrarkostnaðurinn.

